



Þríprautarsamband
ÍSLANDS

Þ I N G G E R Ð

6. þríprautarþings Þríprautarsambands Íslands laugardaginn 26. febrúar 2022 er fram fór í Tækniskóla Íslands og hófst klukkan 15.00

Þríprautarþing fer fram í samræmi við dagskrá samkvæmt lögum sambandsins og þingboði.

Þingsetning.

Valerie Maier forseti setti þingið og bauð gesti velkomna. Jafnframt var óskað eftir athugasemdum við þingboðun. Engar athugasemdir bárust og var boðun þess lýst lögmætt.

Kosning þingforseta

Hafsteinn Pálsson er kosinn með atkvæði allra.

Kosning þingritara.

Ingi Poulsen er kosinn með atkvæði allra.

Fram fer kjör í kjörbréfanefnd:

Lagt var til að Hákon Jónsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Baldur Sæmundsson yrðu tilnefnd í kjörbréfanefnd. Komu engin önnur framboð og voru þau því kjörin með atkvæði allra.

Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Valerie Maier flutti skýrslu stjórnar, fór yfir liðið starfsár og þá vinnu sem framundan er í starfi stjórnarinnar.

Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ.

Hákon Hrafn Sigurðsson, gjaldkeri sambandsins, fer yfir reikninga ÞRÍ. Reksturinn stendur styrkum fótum og eru óverulegar breytingar á reikningum á milli ára. Fram fer umræða um reikninga sambandsins.

Reikningar eru bornir undir þingið og samþykktir með atkvæði allra.



Þríprautarsamband ÍSLANDS

Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld.

Hákon Hrafn Sigurðsson, gjaldkeri ÞRÍ, leggur fram og fjallar um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil. Ekki er lögð fram tillaga um breytingar á félags- og keppnisgjöldum.

Samþykkt með atkvæðum allra

Ávarp gesta

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ ávarpar þingið. Hann biður alla velkomin á þingið fyrir hönd ÍSÍ. Í ræðu sinni nefnir hann gott samstarf ÞRÍ og ÍSÍ og leggur áherslu á að ÞRÍ byggji upp unglinga- og afrekstarf til framtíðar litið. Til að skýra ársreikning enn betur mælir hann með að flokka hann framvegis í eftirfarandi flokka: Daglegt starf, mótahald, útbreiðslustarf og alþjóðastarf. Útbreiðslustarf sérstaklega er hugsað til að styrkja starf ÞRÍ. Hann nefnir líka möguleika ÞRÍ á að þróast úr því að vera C samband í að verða B samband með áframhaldandi metnaði og samstarfi.

Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.

Fram eru lögð drög að heildarendurskoðuðum lögum ÞRÍ. Breytingarnar hafa verið unnar í samráði allra félaga og stjórnar. Ingi Poulsen, ritari stjórnar, fer yfir lagabreytingar. Engar tillögur aðrar hafa borist um lagabreytingar. Fyrir liggur að ÍSÍ mun í kjölfar afgreiðslu lagabreytinganna yfirfara þær og kunna að koma fram athugasemdir sem stjórn þarf að bregðast við. Eins liggur fyrir að lagabreytingarnar fela í sér breytt stjórnskipulag með þeim hætti að starf sambandsins mun eiga sér stað í nefndum og að yfirstandandi þríprautarþing mun ekki geta kosið í nefndirnar á grundvelli lagabreytinganna. Í ljósi þess þarf að samþykkja lagabreytingarnar með fyrirvara:

Stjórn ÞRÍ ber fram tillögu að fyrirvara um samþykki lagabreytinga:

„Lagabreytingarnar eru lagðar fram til samþykktar með þeim fyrirvara að stjórn ÞRÍ er heimilt að skipa í nefndir á fyrsta starfsári þeirra, fram að næsta þríprautarþingi, og ennfremur að gera breytingar á lögnum til samræmis við athugasemdir ÍSÍ.“

Fyrirvarinn er samþykktur með atkvæði allra og jafnframt eru lagabreytingarnar samþykktar með atkvæði allra.

Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Stjórn leggur fram til samþykktar drög að endurskoðaðri afreksstefnu. Drögin hafa verið unnin í nánu samráði við öll félög. Valerie Maier fer yfir helstu breytingar. Engar athugasemdir berast við drögin á þinginu.



Þríprautarsamband ÍSLANDS

Samþykkt með atkvæði allra.

Önnur mál.

Engin önnur mál eru borin upp.

Álit kjörnefndar.

Kjörbréf gefur álit sitt þess efnis að kjörbréf séu öll fullgild.

Samþykkt með atkvæði allra.

Kosning forseta

Í framboði til forseta næstu tvö ár var Valerie Maier og var hún því sjálfkjörin.

Kosning stjórnar sbr. 9. gr.

Kosið var um tvö sæti aðalmanna til tveggja ára og þrjú sæti varamanna til eins árs. Til setu í stjórn í tvö ár voru tvær í framboði, þær Sædís Jónsdóttir og Margrét Ágústsdóttir og voru þær því sjálfkjörnar. Í framboði til setu sem varamenn í stjórn til eins árs voru þau Rún Friðriksdóttir, Margrét J. Magnúsdóttir og Arnór Ásgeirsson. Voru þau sjálfkjörin.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru kjörnir Björg Kjartansdóttir og Baldur Sæmundsson.

Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á íþróttatæping ÍSÍ árið sem íþróttatæping fer fram, skv. lögum ÍSÍ.

Þessi liður fellur niður þar sem íþróttatæping verður ekki haldið komandi ár.

Þingslit eru kl. 17.10